

Sp.

541. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á skilyrðum til hitaveitu vegna Húsavíkur.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram rannsókn á því, hve mikið mundi kosta að hita Reykjahverfi og Húsavík með heitu vatni frá Uxahver.

Greinargerð.

Uxahver í Reykjahverfi er mikil hitastöð. Er talið, að þar komi úr jörðu um 70 lítrar af sjóðandi vatni á hverri sekúndu. Aðstaða er einkar hentug til að virkja hverinn, því að þægilegur vatnshalli er þaðan um mestan hluta Reykjahverfis, Laxamýri til Húsavíkur. Þarf hvorki að bora eftir nægilegu vatni né beita dælum til að koma þessari hitaveitu í framkvæmd. Ytri skilyrði eru því hin beztu til að hita á öruggan hátt allt Húsavíkurkaupþún og marga nærliggjandi sveitabæi. Ýmislegt bendir til, að þessi hitaveita ætti að geta verið bæði ódýr og örugg. Nýjar píputegundir úr ágætu einangrunarefni hafa verið reyndar með ágætum árangri bæði í garðyrkjuskólanum á Reykjum og í Ólafsfirði. Er sennilegt, að þess háttar leiðslur mundu henta hitaveitu Húsavíkur. Þar sem hér er um að ræða þýðingarmikið almennt framfaramál, má vænta þess, að Alþingi og ríkisstjórn vilji veita nauðsynlega aðstoð til að framkvæma umbeðna rannsókn.